

Borgarstjórn Reykjavíkur

16. febrúar 2016

Tillaga borgarfulltrúa Sjálfstæðisflokksins um breytt hlutverk umhverfis- og skipulagsráðs:

Í þeim tilgangi að tryggja að uppbygging í eldri hverfum verði á forsendum byggðarinnar og að gæði og útlit nýbygginga falli að mynstri nærliggjandi húsa og götummynda er lagt til að umhverfis- og skipulagsráð fái aukið hlutverk. Verkefni umhverfis- og skipulagsráðs Reykjavíkurborgar eru skilgreind í 3. grein samþykktar ráðsins. Lagt er til að við greinina bætist nýr töluliður sem verði svofelldur:

Afgreiðir byggingarleyfisumsóknir í hverfum innan Hringbrautar og Snorrabrautar áður en byggingarfulltrúi gefur út byggingarleyfi. Sama á við um byggingarleyfisumsóknir vegna mannvirkja annars staðar í borginni sem hafa menningarsögulegt gildi.

Greinargerð:

Tillagan er sett fram til þess að tryggja að borgarfulltrúar og fulltrúar í umhverfis- og skipulagsráði fylgi eftir uppbyggingu í eldri hverfum borgarinnar til enda. Ítrekað hafa útfærslur á lykilsvæðum miðborgarinnar komið borgarfulltrúum jafnt sem borgarbúum í opna skjöldu þegar þær hafa birst í fjölmiðlum með myndrænum hætti. Sérstaklega á það við um nýbyggingar sem eru að rísa í miðborginni um þessar mundir en einnig breytingar á sögufrægum húsum sem ekki hafa komið inn á borð umhverfis- og skipulagsráðs. Í aðalskipulagi Reykjavíkur er fjallað um borgarvernd. Þar stendur að nýjar byggingar í eldri hverfum verði lagaðar að einkennum byggðarinnar og verði aðeins heimilaðar að sýnt sé fram á að þær verði til bóta fyrir heildarsvip byggðarinnar. Undir þetta meginsjónarmið er tekið en langur vegur er frá að framkvæmdin hafi verið í samræmi við þetta. Vonast er til að tillagan leiði til vandaðri vinnubragða. Í sama kafla aðalskipulagsins er fjallað um hverfisvernd innan Hringbrautar. Svæðið innan Hringbrautar er gert að sérstöku hverfisverndarsvæði og er tillagan miðuð við þann hluta borgarinnar en auk þess er gert ráð fyrir að umhverfis- og skipulagsráð afgreiði byggingarleyfi vegna mannvirkja annars staðar í borginni sem hafa menningarsögulegt gildi. Markmiðið er að varðveita og styrkja þau einkenni og það heildaryfirbragð gamla bæjarins sem gera hann einstakan og eftirsóknarverðan. Heimild til þess að umhverfis- og skipulagsráð afgreiði byggingarleyfisumsóknir á tilteknum svæðum á sér stoð í 2. mgr. 7 gr. laga um mannvirki nr.160 frá 2010. Þar stendur að sveitarstjórn sé heimilt að gera það að skilyrði fyrir útgáfu byggingarleyfis af hálfu byggingarfulltrúa, vegna allra eða tiltekinn mannvirkjagerða, að byggingarnefnd og/eða sveitarstjórn hafi samþykkt útgáfuna. 3. grein samþykktar fyrir umhverfis- og skipulagsráð Reykjavíkurborgar fjallar um verkefni ráðsins og lagt er til að við hana bætist nýr töluliður. Vel færi á því að ofangreind viðbót verði gerð að 3. töluliði, A-hluta 3. greinar og að aðrir töluliðir færast aftar sem því nemur.